

Lög foreldrafélags Leikskólans Sólvalla.

1. grein

Félagið heitir " Foreldrafélag Leikskólans Sólvalla" og er opið foreldrum og forráðamönnum barna í leikskólanum. Félagið er einnig opið starfsfólki leikskólans.

2. grein

Markmið félagsins er að stuðla að velferð barna í Leikskólanum Sólvöllum og styrkja samskipti á milli foreldra, starfsfólks og barna.

3. grein

Stjórn félagsins er skipuð fjórum foreldrum auk áheyrnarfulltrúa frá leikskóla. Þrír fulltrúar eru kjörnir ár hvert á aðalfundi en einn situr áfram úr fyrri stjórn. Stjórnin skiptir með sér störfum á fyrsta fundi eftir aðalfund. Skylt er að halda fundargerðarbók.

4. grein

Aðalfund skal halda á tímabilinu 15. ágúst - 15. september ár hvert, starfsár stjórnar foreldrafélagsins er frá 1. október ár hvert. Boða skal til aðalfundar með minnst viku fyrirvara. Ef félagsmenn 5 eða fleiri óska eftir fundi er stjórninni skylt að boða til fundar.

5. grein

Upphæð félagsgjalda skal ákveða á aðalfundi og greiðast með heimsendum gíróseðli einu sinni á ári 1. nóvember ár hvert. Uppgjör skal leggja fram á aðalfundi ár hvert.

6. grein

Lögum foreldrafélagsins má einungis breyta á aðalfundi. Tillögur til lagabreytinga verða að hafa borist stjórninni skriflega í síðasta lagi 5 dögum fyrir auglýstan aðalfund